



Mennta- og menningarmálaráðuneytið
Sölvhólsögötu 4
101 Reykjavík

Reykjavík, 13. mars 2020
Tilvísun 202002-0032

Efni:

Umsögn ASÍ um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu til ársins 2030.

Menntun fyrir alla hefur verið leiðarstef ASÍ frá upphafi, þar sem allir eigi að hafa jafnan aðgang að góðri menntun alla ævi. Því er það gleðiefni að nú skuli alþingi setja menntun landsmanna í öndvegi. Jafnframt hefur ASÍ lengi barist fyrir því að mótuð verði hæfnistefna á Íslandi og er menntastefna einn af veigamiklum þáttum í hæfnistefnu þótt fleira komi til. Því er ánægjulegt að sjá að gert sé ráð fyrir hæfnistefnu í þingsályktuninni.

Það eru nokkur atriði sem ASÍ vill leggja sérstaka áherslu á.

Fyrirhugað er að vinna aðgerðaráætlun samhliða menntastefnu og mun ráðuneytið gera reglulega grein fyrir henni. ASÍ telur mjög mikilvægt að hagsmunaaðilar komi að þeirri vinnu. Áriðandi er að menntakerfið og atvinnulíf vinni saman svo ekki myndist blindgötur og menntakerfið geti brugðist við þörf vinnuarkaðar fyrir góðri hæfni og þekkingu. Efla þarf tengsl skóla og atvinnulífs sem er eins og segir í þingsályktuninni *er forsenda þess að menntakerfið geti boðið uppá fjölbreytt nám sem nýtist nemendum í störfum að námi lokni í samræmi við þarfir atvinnulífs til framtíðar.* (bls. 5)

Þá er rætt um menntatölræði, að hún þurfi að ná yfir allt menntakerfið, frá *leikskóla til símenntunarkerfa*. Á Íslandi er langtíma kortlagning á menntunar- og færniþörf á vinnuarkaði ekki fyrir hendi. Slíkar upplýsingar verða enn mikilvægari sé horft til áskorana fjórðu iðnbyltingarinnar þar sem niðurstöður slíks spáferlis auðveldar mótun menntastefnu og bæta samspil menntakerfis og vinnuarkaðar. Nauðsynlegt er að fyrir liggja góð þekking, greining eða mat á starfstækifærum í einstökum fögum, greinum og starfssviðum til nokkurra ára og munu færnisþár nýtast í öllu skóla- og fræðslustarfi.

Í kaflanum **Námskrá, námsumhverfi og námsmat styðji við hæfni framtíðar** er rætt um aðalnámskrár. *Aðalnámskrár eru bæði stjórnæki til að fylgja eftir ákvæðum laga og fyrirmælum menntayfirvalda um skólustefnu og safn sameiginlegra markmiða skólustarfs í landinu. Mikilvægt er að aðalnámskrár séu í takt við áherslur í menntamálu til ársins 2030 og styðji við hæfni til framtíðar og verða þær endurskoðaðar þannig að þær styðji við áherslur menntastefnunnar og alþjóðlegra skuldbindinga sem Ísland hefur undirgengist.* (bls. 6) Í framhaldsfræðslu eru ekki skilgreind námslok og ekki til aðalnámskrá. Ákvæði í aðalnámskrám eiga að styðja við áherslur í menntakerfinu og þar sem framhaldsfræðslan er hluti menntakerfisins þarf að skilgreina hana betur og gera aðalnámskrá framhaldsfræðslu.

Skólar og fræðsluaðilar sinna mikilvægu hlutverki á tímum stöðugra samfélagsbreytinga og öflugt fræðslustarf, starfsþróun og símenntun er eitt af stærstu efnahagsmálum þjóðarinnar. Áhersla þarf að vera á menntun alla starfsævina sem farið geti fram jöfnum höndum innan símenntunarstöðva, fyrirtækja eða í skólum þar sem samfella og samstarf mismunandi kerfa er tryggt.

Með kveðju

Eyrún Valsdóttir

Eyrún Valsdóttir
deildarstjóri fræðsludeildar ASÍ